

Grafa & grjót ehf.

Steinhella 4
221 Hafnarfjörður
580202 2090

Sigurður S. Gylfason
699 1616
siggi@grafa.is



Hafnarfjörður 15.5.2020

Á fundi þann 08.04.2020 tók umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar vel í þá hugmynd að Grafa og grjót færi í endurvinnslu á burðarhæfu efni í Hamranesnámu og fól umhverfis og skipulagssviði að hefja viðræður við Gröfu & Grjót ehf um erindið.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ stendur til að Hafnarfjarðarhöfn fari í efnistöku í Hamranesnámu. Það nánast útilokar að hægt sé að fara í þetta verkefni á þeim stað.

Grafa og gjót hefur þó enn hug á að fara í endurvinnslu á burðarhæfu efni og sækist eftir úthlutun á svæði til afnota (a.m.k. 20.000 m²).

Hafnarfjarðarbær og aðrir verktakar í Hafnarfirði fengju að losa burðarhæft og endurnýtanlegt jarðefni á svæðið án endurgjalds.

Hægt væri að skipta svæðinu upp, annarsvegar þar sem burðarhæft efni er brotið niður í réttar stærðir og hinsvegar jarðvegsgeymslu fyrir hreina mold og öðrum endurnýtanlegum jarðvegi.

Kapelluhraun við hliðin á nýju iðnaðarsvæði er ákjósanlegur staður vegna nálægðar við veltengingar.

Grænt tilraunaverkefni

Grænt tilraunaverkefni sem stuðlar að jákvæðri nýtingu jarðefna ásamt því að minnka umhverfisáhrif sem verða til við mannvirkjagerð

- Endurvinnsla á grjóti, hrauni og fleygefni
- Móttaka og eftirlit með losun á öðru efni
- Eftirlit verður til þess að óæskilegt efni og rusl verður ekki losað á svæðinu og því efni stýrt á rétta losunarstaði
- Afgreiðslutíma er hægt að stýra í samráði við framkvæmdasvið
- Efni sem kemur úr nýju iðnaðarhverfi í Hafnarfirði endurnýtt
- Samræmist umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins

Úr umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar

Markmið umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar er að tryggja öllum íbúum Hafnarfjarðar heilnæmt og öruggt umhverfi til lífs, leiks og starfs og skal taka tillit til hennar í allri starfsemi sveitarfélagsins. Þá ætlar Hafnarfjarðarbær að vera í farbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og myndun úrgangs.

Grafa & grjót fagnar umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar og vill leggja sitt að mörkum til að bæta umhverfið. Áhersla verkefnisins er á sjálfbæra nýtingu þar sem mengun er í lágmarki og umhverfisvöktun er virk. Ennfremur vill Grafa & grjót taka þátt í að skapa hringrásarhagkerfi á Íslandi og nýta betur allar auðlindir. Í verkefninu eru búin til verðmæti úr efni sem væri annars ekki nýtt. Verkefnið hefur jafnframt jákvæð umhverfisáhrif þar sem að það felur í sér minni mengun, minna kolefnisspor, minna vegslit og minna grjótnám.



Svæði innan línu 51 hektari (510.000 m²)